

Dómsmálaráðuneytið  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19.03. 2024

Meðfylgjandi er umsögn UN Women á Íslandi um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016  
(alþjóðleg vernd).

Virðingarfyllst,  
f.h. UN Women á Íslandi



Stella Samúelsdóttir,  
framkvæmdastýra

## UMSÖGN UN WOMEN Á ÍSLANDI

um

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd)

UN Women á Íslandi er ein tólf landsnefnda UN Women, stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna.

UN Women á Íslandi telur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ekki taka nægilegt tillit til sértækra þarfa kvenna og stúlkna á flóttu, né heldur þeirra áskorana sem konur og stúlkur á átakasvæðum búa við. UN Women á Íslandi þykir frumvarpið sýna fram á mikinn þekkingarskort á aðstæðum kvenna og stúlkna á átakasvæðum.

UN Women á Íslandi er ósammála því að frumvarpið hafi engin teljandi áhrif á einstaklinga eftir kyni eða stöðu jafnréttis. Í 6. og 7. gr. frumvarpsins er lagt til að nánustu aðstandendur útlendinga, sem fengið hafa viðbótarvernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða hér á landi, öðlist ekki rétt til fjölskyldusameiningar fyrr en a.m.k. tveimur árum eftir útgáfu leyfanna. Þetta sýnir fram á ákveðið skilningsleysi á stöðu fólks á flóttu. Oftar en ekki eru það karlmenn, fyrirvinnur fjölskyldunnar, sem leggja einir á sig erfitt ferðalag í leit að alþjóðlegri vernd, þar sem hætta kvenna og stúlkna á flóttu getur verið svo mikil (mansal, ofbeldi, þvingað vændi o.s.frv.), samfara því að konur og stúlkur eru oftast umönnunaraðilar heima við. Algengt er að eiginkonur þeirra og börn verði eftir í upprunalandi, búi við mjög erfiðar og ótryggar aðstæður og séu berskjölduð fyrir ofbeldi, mansali og þvinguðu vændi til að eiga í sig og á, en um 75% kvenna og stúlkna á átakasvæðum hafa orðið fyrir kynbundnu ofbeldi. Skýrslur UN Women um stöðu kvenna og stúlkna á Gaza og Úkraínu styðja við þessar upplýsingar. Það að ekki sé hægt að sækja um fjölskyldusameiningu fyrr en a.m.k. tveimur árum liðnum frá útgáfu dvalarleyfis hefur því vissulega mikil og neikvæð áhrif á stöðu jafnréttis í heiminum.

Í frumvarpinu er fjallað um sérstaka lagaheimild sem kveði á að takmarka megi friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. UN Women á Íslandi telur ekki skýrt hvað þetta feli í sér og telur varhugavert að beita slíkum takmörkunum gegn fólki í mjög viðkvæmri stöðu.

Í frumvarpinu er einnig tekið fram að flóttamannakerfið sé neyðarkerfi ætlað fólki sem óttast um líf sitt og frelsi. UN Women á Íslandi telur að þessi skilgreining á flóttamannakerfinu endurspegli ekki þann raunveruleika sem blasir við heiminum í dag. Mikilvægt er að þetta kerfi taki tillit til þátta á borð við loftslagsbreytingar og tíðar náttúruhamfarir sökum þeirra. Efnaeiri ríki heims eiga stóran hlut að máli þegar kemur að áhrifum loftslagsbreytinga á efnaeiri ríki heims og ber því skylda að axla ábyrgð í þeim efnum. Loftslagsbreytingar ýta undir þann ójöfnuð sem þegar ríkir í heiminum og leggja þá af meiri þunga á konur og stúlkur og aðra jaðarsetta hópa. Þá virðist ekki vera tekið sérstakt tillit til kyns þegar fjallað er um flóttamannakerfið, en konur og stúlkur hafa m.a. neyðst til að

flýja heimili sín af ótta við að verða þvingaðar í hjónabönd eða að vera limlestar á kynfærum. Þessir siðir eru gróf brot á mannréttindum kvenna og stúlkna og ógna lífi þeirra og heilsu.

Hröðun málsmeðferðartíma og lækkun kostnaðar má ekki koma niður á grundvallarréttindum einstaklinga. UN Women á Íslandi er mótfallið því að horfið verði frá þeirri framkvæmd að umsóknir einstaklinga um alþjóðlega vernd séu teknar til efnislegrar meðferðar. Það mat sem fram fer á persónubundnum aðstæðum í leit að alþjóðlegri vernd og mannsæmandi lífi og öryggi hefur oft reynst gríðarlega mikilvægt og leitt til þess að einstaklingum er hér veitt vernd, sérstaklega á grundvelli kyns. Þá bendir UN Women á Íslandi á mikilvægi þess að skipan nefndarfólks í kæruneftnd taki einnig tillit til þekkingar nefndarmanna á þróunarsamvinnu, alþjóðamálum og jafnréttismálum.

UN Women á Íslandi minnir á þær þungu skyldur stjórnvalda til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar og mikilvægi þess að axla ábyrgð og skapa hér góð skilyrði fyrir fólk á flótta, með mannúð og mannréttindi fólks að leiðarljósi.